

Borgarráð Reykjavíkur
borgarradsgogn@reykjavik.is, borgarstjori@reykjavik.is

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2020

Efni: Tillögur vegna fjármála SORPU bs


Á undanförnum mánuðum hefur farið fram viðamikil greiningarvinna og tillögugerð vegna fjármála SORPU bs. Settar hafa verið fram þrjár tillögur og þær samþykktar af hálfu stjórnar SORPU bs mánudaginn 22. júní. Sama dag samþykkti eigendavettvangur SORPU bs. fyrirbyggjandi tillögur og fól stjórn samlagsins að ljúka vinnslu þeirra og í framhaldi yrðu tillögurnar sendar til sveitarstjórna til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Tillögurnar eru eftirtaldar og fylgja með erindi þessu:

- Tillaga 1: Viðauki við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 v. meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi.
- Tillaga 2: Aðgerðir til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga SORPU bs. Í tillögunni kemur fram skipting fjárframlaganna milli sveitarfélaganna.
- Tillaga 3: Almenn kynning gjaldskrárbreytinga til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs.

Með þessu bréfi eru tillögurnar sendar áfram til efnislegrar umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt,
F. hönd SORPU bs.



Helgi Þór Ingason
Framkvæmdastjóri

Samrit sent Borgarstjóranum í Reykjavík - Hr. Degi B. Eggertssyni (dagur@reykjavik.is)